

ef um samtök undir lið 1 og 2 hér að framan er að ræða. Ef um önnur samtök er að ræða (sjá lið 3 og 4) er heimilt að skrifa hana á opinberu tungumáli, eða einu af opinberum tungumálum, viðkomandi lands.

Nefndin kannar kærana og tekur ákvörðun um hvort hún sé tæk, að því gefnu að formsatriðum hafi verið framfylgt.

Þegar tilkynnt hefur verið að kærana sé tæk hefst skrifleg samskipti þar sem aðilar skiptast á upplýsingum. Nefndin getur ákveðið að opinber málsmeðferð skuli fara fram.

Nefndin tekur síðan ákvörðun um efnishlið kærunnar, sem send er áfram til hlutaðeigandi aðila og ráðherranefndarinnar í skýrslu sem birt er innan fjögurra mánaða frá því að hún er send.

Að lokum samþykkir ráðherranefndin tilmæli. Ef við á getur hún lagt til að viðkomandi ríki grípi til tiltekinna aðgerða til að aðstæðum verði komið í það horf sem kveðið er á um í sáttmálanum.

Beiting sáttmálans í hinum ýmsu ríkjum

Fyrir tilstilli eftirlitskerfisins gera ríki margar breytingar á lögum sínum eða framkvæmd þeirra til að færa aðstæður í það horf sem samræmist sáttmálanum. Gerð er grein fyrir þeim árangri (og yfirstandandi breytingum) í riti sem aðalskrifstofa sáttmálans (sjá hér á eftir) gefur út árlega undir heitinu „Survey“.

Nánari upplýsingar um sáttmálan

- gagnagrunnur sáttmálans, <http://hudoc.esc.coe.int/>, er á Netinu og einnig fáanlegur á geisladiski. Þar er hægt að fá upplýsingar um fordæmisrétt Evrópunefndarinnar um félagsleg réttindi;
- vefsvæði sáttmálans, www.coe.int/T/E/Human%5FRights/Esc/ geymir allar landsskýrslur og upplýsingablöð einstakra landa;
- ritið „Survey“, sem gefið er út árlega, sýnir að hve miklu leyti landslög einstakra ríkja fara að sáttmálanum;
- Í „Collected texts“ er að finna ýmsar upplýsingar um sáttmálan;
- yfirlitsskráin er uppfærð með reglulegu millibili.

Secretariat of the European Social Charter
DG II - Directorate General of Human Rights
Council of Europe
F - 67075 Strasbourg Cedex
social.charter@coe.int

¹ Evrópusamtök verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra atvinnu- og iðnrekenda (UNICE) og Alþjóðasamtök launþega (IOE).

Rammisamningur Evrópuráðsins um verndun þjóðarbrot

(Yfirlit)

Tilbúinn til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins í Strassborg 1. febrúar 1995. Gildistaka: 1. febrúar 1998.

Samningurinn er fyrsti alþjóðasamningurinn um verndun þjóðarbrot. Rammisamningnum er ætlað að vernda réttindi fólks sem tilheyrir þjóðarbrotum og tryggja því fullt og virkt jafnrétti. Samningurinn miðar að því að skapa aðstæður þar sem þjóðarbrotum er gert kleift að verðveita og þroska menningu sína og sérkenni.

Í samningnum eru settar fram meginreglur á sviði opinbers lífs um fólk sem tilheyrir þjóðarbrotum, svo sem:

- Bann við mismunun
- Efling jafnréttis

- Efling og varðveisla menningar, trúarbragða, tungumáls og hefða
- Frelsi til að koma saman í friðsamlegum tilgangi
- Félagafrelsi
- Tjáningarfrelsi
- Hugsana-, samvisku og trúfrelsi
- Rétturinn til að hafa aðgang að og nýta sér fjölmiðla
- Frelsi hvað varðar tungumál og menntun
- Samskipti og samstarf yfir landamæri
- Þátttaka í efnahagslegu, menningarlegu og félagslegu lífi
- Bann við samlögun einstaklinga gegn vilja þeirra.